

127. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands

Haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, þriðjudaginn 30. ágúst 2005 kl. 8:00.

Mættir: Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Orri Hlökkversson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, sem ritaði fundargerð.

1. Meðhöndlun sláturúrgangs

Á fundinum voru lögð fram drög að leigusamning við KB banka um leigu á verksmiðju Förgunar ásamt rekstraráætlun er byggir á ákveðnu magni sem samið hefur verið um við sláturleyfishafa. Sláturúrgangsmagn sem unnt er að tryggja verksmiðjunni á tímabilinu reynist minna en gert var ráð fyrir í upphafi áætlunargerðar. KB banki hefur fallist á lægra leigugjald en lagt var upp með gegn því að fá hlutdeild í ávinningi ef magn til vinnslu í verksmiðjunni fer umfram 6.600 tonn á leigutímanum. Stjórnin samþykkir að ganga til samninga við KB banka um leigu á verksmiðju Förgunar á grundvelli fyrirbyggjandi samningsdraga og viðræðna við fulltrúa KB banka sem fram fóru á fundinum. Upphaf samningstíma er 1. september 2005.

2. Undanþága frá reglum um hitameðhöndlun sláturúrgangs.

Þann 30/9 2003 setti stjórnin reglur um hitameðhöndlun sláturúrgangs áður en úrgangurinn kæmi til losunar í Kirkjuferjuháleigu. Tímabundin undanþága frá þessum reglum var veitt þegar starfsemi í verksmiðju Förgunar ehf var hætt s.l. vor. Stjórnin samþykkir að framangreind undanþága falli úr gildi þegar rekstur hefst í verksmiðjunni að Heiðargerði 5 í Hraungerðishreppi sbr. lið 1 hér að framan.

3. Breyting á gjaldskrá.

Stjórnin samþykkir að lækka gjald fyrir meðhöndlaðan sláturúrgang inn á Kirkjuferjuháleigu í 4,05 kr/kg sem er 20% lækkun. Gjaldskrárbreytingin tekur gildi þegar starfsemi hefst í verksmiðjunni að Heiðargerði 5.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.10:06

Bls 8